

Nd.

648. Breytingartillögur

[217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

3. gr. laga nr. 82/1977, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1980, hljóði svo:

Byggingarsjóður verkamanna, Byggingarsjóður ríkisins, Framkvæmdasjóður Íslands, ríkissjóður og fjárfestingarsjóðir, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VIII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979, skulu bjóða lifeyrissjóðum, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, til kaups skuldabréf með fullri verðtryggingu til langs tíma fyrir upphæð sem samsvarar a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé viðkomandi lifeyrissjóðs. Andvirði seldra bréfa skal ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.

Nú kaupa lifeyrissjóðir á samningssvæði Alþýðusambands Íslands skuldabréf skv. ákvæðum þessarar greinar og skulu þeir þá kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins fyrir fyrstu 20% af ráðstöfunarfé sínu, en síðan af öðrum sjóðum, sem að framan greinir, skv. samkomulagi við ríkisstjórnina. Ríkisstjórnin skal gera hliðstætt samkomulag við aðra lifeyrissjóði um skuldabréfa-kaup þeirra.

Ríkisstjórnin skal gera sérstakt samkomulag við lifeyrissjóðina um framkvæmd og tímasetningu skuldabréfakaupanna innan ársins svo og um ákvæði um lánstíma og lánskjör.

2. Við 10. gr. Niður falli 3. málslíður.

3. Við 17. gr.

a) Í stað „27 887 þús. kr.“ komi: 75 000 þús. kr.

b) Í stað „43 000 þús. kr.“ komi: 90 000 þús. kr.

4. Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlend lán á árinu 1981 fyrir jafnvirði 5 000 þús. kr. til þess að greiða eftirstöðvar kostnaðar við lagningu byggðalína á árinu 1980. Þá er fjármálaráðherra heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs innlent lán fyrir allt að 25 000 þús. kr. til þess að greiða upp bráðabirgðalán vegna annarra framkvæmda á vegum ríkissjóðs á árinu 1980, sem tekin voru hjá Seðlabanka Íslands.

5. Við 28. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs, þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Jafnframt er Landsvirkjun veitt heimild til lántöku í sama tilgangi. Skal ráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta, til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltílán) er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltílánis að hluta eða öllu leyti án þess að lánsamningur um veltíláninu falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánsamninginn að nýju nema lagaheimild liggja fyrir.